




VILT ÞÚ VERA Í RÁÐGJAFARHÓPI UMBOÐSMANNS BARNNA?



UMBOÐSMAÐUR
BARNNA

HVAÐ GERIR RÁÐGJAFARHÓPURINN?



Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er ráðgefandi aðili fyrir umboðsmann barna um þau málefni sem snúa að börnum og ungmennum í íslensku samfélagi.

HVAÐ GERIR UMBOÐSMAÐUR BARNNA?

Umboðsmaður barna er opinber talsmaður allra barna á Íslandi frá aldrinum 0-18 ára.

Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra.



„Það er mikilvægt fyrir umboðsmanninn að heyra reglulega í börnum og vinna út frá þeirra sjónarmiðum“.



HVER ERU HELSTU HLUTVERK RÁÐGJAFARHÓPSINS?



- Vera ráðgefandi fyrir umboðsmann barna í málum sem varða réttindi og hagsmuni barna og ungmenna
- Taka þátt í verkefnum í samstarfi við starfsmenn embættisins ef tími og aðstæður ráðgjafa leyfa
- Vinna að verkefnum sem stuðla að vitundarvakningu barna og ungmenna um réttindi þeirra
- Sitja fundi og ráðstefnur með sérfræðingum, ráðamönnum og þingnefndum

„Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og fær tækifæri til þess að hafa áhrif á málefni sem skipta þau máli í samfélaginu“.



HVERNIG GET ÉG VERIÐ MEÐ Í RÁÐGJAFARHÓPNUM?

- Ertu á aldrinum 12 - 17 ára?
- Viltu vinna að mannréttindum barna og ungmenna?

Þau sem hafa áhuga á að starfa í hópnum er velkomið að sækja um með því að senda póst á ub@barn.is eða hringja í síma 800-5999. Þar er gott að taka fram nafn, aldur og hvers vegna þú hefur áhuga á því að starfa í ráðgjafarhópnum.

Hópurinn hittist einu sinni til tvisvar í mánuði. Á fundum tölum við um mikilvæg mál sem koma okkur og öðru ungu fólki við.



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

„Við leitum að fjölbreyttum hópi ungs fólks til þess að vinna að mannréttindum barna og ungmenna á Íslandi“.

